

## Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Margrétar K. Sverrisdóttur um þóknun LÍÚ fyrir innheimtu váttryggingariðgjalds.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvað hefur LÍÚ fengið í þóknun árlega fyrir innheimtu váttryggingariðgjalds (lög nr. 17/1976) síðustu tíu ár?*

Ráðuneytið leitaði til Landssambands íslenskra útvegsmanna um svör við fyrirspurninni. Í svari sambandsins kemur fram að það hefur ekki haft þóknun fyrir umrædda innheimtu síðustu 10 ár. Árin 1977–82 greiddu váttryggingafélögin þóknun vegna Váttryggingasjóðs fiskiskipa sem var ákveðið hlutfall af greiðslum úr sjóðnum til félaganna. Þóknunin var ákveðin í samkomulagi LÍÚ og váttryggingafélaganna vegna umsjónar sambandsins með sjóðnum samkvæmt lögum nr. 17/1976.

Umrædd ár var hlutfall þóknunar LÍÚ frá váttryggingafélögunum sem hér segir:

1977	1978	1979	1980	1981	1982
0,5%	0,5%	0,35%	0,35%	0,35%	0,25%

Árið 1983 féll þessi þóknun niður.